

Lífeyrissjóður bænda

Kjörnefnd

Storhöfða 23

110 Reykjavík

Tilkynning um framboð í stjórn

Kristófer Tómasson er í framboði til stjórnar Lífeyrissjóðs bænda.

Þrír einstaklingar eru í framboði til stjórnar í Lífeyrissjóði bænda á aðalfundi sjóðsins þann 28 maí næstkomandi.

Undirritaður Kristófer Tómasson viðskiptafræðingur kt 060865-5909 til heimilis að Launrétt 8 í Bláskógabyggð er í þeim hópi.

Ég uppfylli þau skilyrði sem sett eru um hæfi frambjóðenda. Hef ég gert mér nokkra grein fyrir í hverju þau felast. Ég er fús til að afhenda þær upplýsingar sem kann að verða óskað varðandi fjárhagslega stöðu mína sem og að gangast undir hæfismat Fjármálaeftirlits.

Ég er með BSc próf í viðskiptafræði frá Bifröst. Auk þess er ég með sveinspróf og meistaráttindi í húsasmíði og er búfæðingur frá Hvanneyri.

Starfsreynsla mín er nokkuð víðtæk. Undanfarin níu ár eða frá mars 2012 hef ég gegnt starfi sveitarstjóra Skeiða- og Gnupverjahrepps, ég lét af því starfi að eigin ósk 6. maí síðastliðinn. Það sveitarfélag telur um 600 íbúa, um 80 % þeirra eru búsettir í dreifbýli og stundar stór hluti þeirra landbúnað. Snertifletir mínir hafa á þessu tíma við landbúnað hafa því verið miklir. Sveitarstjórastarfið var mjög lærdómsríkt, fjölbreytt og oft á tíðum krefjandi. Ég hygg að vandfundin séu störf sem ná yfir jafn vítt svið og starf sveitarstjóra í litlu sveitarfélagi. Á árunum 2001 – 2012 starfaði ég sem bankamaður í Selfossútibúi Arionbanka og forverum hans. Nánar tiltekið sem fyrirtækjaráðgjafi frá 2001- 2008 og útibússtjóri frá 2008 – 2012. Með bankastörfunum aflaði ég mér dýrmætrar reynslu þar sem ég fékk góða innsýn í fjármál fyrirtæja og einstaklinga og ekki síst í starfsemi og rekstur fjármálafyrirtækis. Óneitanlega var mikil áskorun að starfa í banka á árunum eftir fjármálahrunið. Ég starfaði tímabundið hjá Lánasjóði landbúnaðarins 2004-2005 sem útlánasérfræðingur. Í Eitt ár 2000-2001 starfaði ég á Blönduósi við rekstur og fjármál hjá iðnfyrirtækinu Árvirkni ehf.

Ég þekki vel til landbúnaðarins, en ég var bóndi um 11 ára skeið eða frá 1987-1998. Ég á því sjóðseign í Lífeyrissjóði bænda. Aðalbúgrein mín var svínarækt, auk þess var ég með sauðfé. Eins og mörgum er kunnugt um gekk svínarækt í gegnum miklar þrengingar á árum áður og fór ég ekki varhluta af því og varð það til þess að ég söðlaði um, hætti búskap og aflaði mér háskólamenntunnar. Á unga aldri menntaði ég mig í húsasmíði og vann talsert við þá iðngrein áður fyrr samhliða búskap og háskólanámi.

Á næstunni mun ég vinna tímabundið sjálfstætt við bókhald og rekstraráðgjöf.

Ég hef unnið nokkuð í félagsmálum. Þar nefni ég trúnaðarstörf fyrir Lionshreyfinguna. Ég hef starfað þar síðan 1988. Meðal annars var ég umdæmisstjóri yfir hálfu landinu 2011-2012. Ég sat í stjórn Skálholtstaðar 2014 – 2019 og í stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum 2014-2020. Í stjórn Búnaðarfélags Biskupstungna 1988- 1997.

Helstu áhugamál mín eru byggðamál, ættfræði, ferðalög auk lionsstarfsins að ónefndri fjölskyldunni.  
Ég læt ferilskrá mína fylgja með bréfi þessu.